

Kynjuð fjárhags- og starfsáætlanavinna

**Þátttaka barna í
íþróttagreinum borið saman
við fjárfestingar**



**Andrés B. Andreasen
Gísli Árni Eggertsson
Jóhanna Garðarsdóttir
Margrét Grétarsdóttir**

Inngangur

Undirbúningur og framkvæmd verkefnisins var með þeim hætti að haldið var áfram að skoða annað tilraunaverkefnið frá árinu 2012-2013 þegar Íþróttá- og tómsundaráð fól starfshópnum að rannsaka þátttöku barna í íþróttagreinum eftir kynjum og aldri og þróun frá árinu 2008. Þessar tölur voru svo bornar saman við fjárfestingar Reykjavíkurborgar í íþróttamannvirkjum frá árinu 2002. Styrkir borgarinnar eru ýmist eða bæði í formi aðstöðu fyrir íþróttastarf, launa vegna íþróttafulltrúa félaga og reksturs skrifstofu. Auk þess eru veittir styrkir til framkvæmda og það eru þeir styrkir sem eru skoðaðir í þessari rannsókn.

Starfsteymi verkefnisins var skipað Andreas. B. Andreasen fjármálastjóra, Gísla Árna Eggertssonar skrifstofustjóra, Jóhönnu Garðarsdóttur verkefnastjóra og Margréti Grétarsdóttur mannauðsráðgjafa. Eigandi verkefnisins var Eva Einarsdóttir formaður fagráðs ÍTR og ábyrgðarmaður Ómar Einarsson framkvæmdastjóri ÍTR.

Almenn markmið

Markmið verkefnisins var að greina þátttöku barna í íþróttá- og æskulýðsstarfi og þróun þeirra á árunum 2008-2012 og bera saman við fjárfestingar til íþróttastarfsemi og þátttaka var greind eftir kyni, aldri og greinum/viðfangsefnum.

Jafnréttismarkmið verkefnis

Við úthlutun fjármagns þarf að taka mið af þörfum beggja kynja og greina áhrif ákvarðana á stöðu þeirra. Jafnréttismarkmiðið var að skoða hvernig fjármagni væri úthlutað til íþróttá- og æskulýðsstarf miðað við þátttöku kynja og bregðast við ef hallar á annað kynið samanber 23. gr laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Gagnaöflun

Gagnaöflun fór fram með þeim hætti að skoðuð var aldursskipt þátttaka kynja í skipulögðu íþróttá- og æskulýðsstarfi hjá þeim íþróttá- og æskulýðsfélögum sem njóta styrkja frá Reykjavíkurborg miðað við skráningu á árunum 2008 til 2012. Tekið var saman yfirlit bygginga- og húsaleigustyrki ásamt leigugreiðslum til þriðja aðila fyrir afnot af íþróttamannvirkjum á árunum 2002-2012.

Niðurstöður

Hafa ber í huga að þátttaka í miðast við aldurinn 6-18 ára en hluti af bygginga- og húsaleigustyrkjum Reykjavíkurborgar til íþróttastarfsemi eru óháðir aldri. Brýnt er að skoða niðurstöður út frá þeim annmörkum. Engu að síður gefa niðurstöðurnar marktækar upplýsingar um þátttöku barna og unglunga á aldrinum 6-18 ára í íþrótt- og æskulýðsstarfi.

1. Þegar iðkendatölur eru teknar saman og meðaltal þátttakenda síðustu fimm ára kemur í ljós að mikill munur er á þátttöku kynja bæði hvað varðar skráningu í heild sem og í einstakar greinar.
 - a. Fleiri drengir æfa íþróttir en stúlkur og er skiptingin þannig að
 - b. Langflestar skráningar eru í knattspyrnu eða 4690 börn sem skiptast þannig að 3285 eru drengir og 1406 eru stúlkur.
 - c. Þar á eftir koma handknattleikur og fimleikar með 2378 börn að meðaltali.
 - d. Séu boltaíþróttir teknar saman má sjá að þau skera sig úr hvað varðar fjölda þátttakenda en samanlagður fjöldi þar er 8112 börn.
 - e. Fjöldi stúlkna sem æfir knattspyrnu er svipaður fjöldi stúlkna sem æfa í fimleika.
 - f. Jafnasta kynjadreifingin er í skátastarfi og skíðadeildum.

Íþróttgreinar	KK	KVK	KK	KVK
Knattspyrnudeild	3285	1406	4690	70%
Handknattleiksdeild	1352	1026	2378	57%
Fimleikadeild	654	1644	2298	28%
Körfuknattleiksdeild	725	319	1044	69%
Badmintondeild	544	453	996	55%
Sunddeild	305	383	687	44%
Karatedeild	486	161	646	75%
Frjálsíþróttadeild	308	337	645	48%
Skátadeild	255	254	509	50%
Listdansdeild	13	380	393	3%
Taekwondodeild	198	87	285	69%
Golfdeild	219	37	257	85%
Íshokkideild	187	19	206	91%
Júðódeild	153	39	192	80%
Skíðadeild	75	80	155	49%
Hnefaleikadeild	79	33	113	70%
Skylmingadeild	86	20	106	81%
Dansdeild	17	71	88	20%
Borðtennisdeild	65	21	85	76%
keiludeild	47	16	62	75%
Klifurdeild	34	17	51	67%
Blakdeild	10	40	50	19%
Ju-jitsudeild	29	14	44	67%
Íþróttir fatlaðra	14	10	24	58%
Tennisdeild	10	9	18	52%
Hafnaboltadeild	16	1	17	95%
Glífudeild	10	2	12	85%
Bogfimideild	2	1	3	62%
Samtals:	9178	6877	16055	57%



Kynjuð starfs- og fjárhagsáætlun
Pátttaka í íþróttagreinum og fjárfestingar

2. Þegar skoðuð er þróun innan hvernar deildar sést að heildarþátttaka hefur aukist jafnt og þétt frá árinu 2008.

Row Labels	Sum of 2012	Sum of 2011	Sum of 2010	Sum of 2009	Sum of 2008
Badmintondeild	978	912	1009	1055	1027
Blakdeild	98	37	31	37	45
Bogfimideild	3	1	3	1	1
Borðtennisdeild	149	83	30	27	137
Dansdeild	31	74	90	100	145
Fimleikadeild	2899	2378	2011	2001	2200
Frjálsíþróttadeild	731	633	639	672	551
Gímudeild	9	22	17	11	0
Golfdeild	228	269	305	317	165
Hafnaboltadeild	34	21	18	13	0
Handknattleiksdeild	2782	2328	2296	2225	2259
Hnefaleikadeild	82	146	100	141	95
Íshökkídeild	195	196	187	210	242
Íþróttir fatlaðra	27	51	27	11	4
Ju-jitsudeild	29	39	45	57	48
Júdódeild	137	162	225	219	217
Karatedeild	792	756	575	532	577
Keiludeild	80	76	56	53	47
Klifurdeild	66	42	45	41	63
Knattspyrnudeild	5070	4631	4722	4558	4470
Kraftlyftingadeild	0	1	1	0	0
Körfuknattleiksdeild	975	1049	1248	970	979
Listdansdeild	335	386	410	369	464
Skátadeild	444	873	439	428	360
Skiðadeild	167	123	160	155	170
Skylmingadeild	81	85	108	122	136
Sunddeild	590	727	726	703	691
Tækwondodeild	243	314	260	283	325
Tennisdeild	20	16	20	16	20
Grand Total	17275	16431	15803	15327	15438

Sé rýnt í þróun innan deilda má sjá að þróunin frá árinu 2008 hefur verið sú að bæði er fjölgun meðal stúlkna og drengja í íþróttir

Row Labels	KK					KVK				
	Sum of 2008	Sum of 2009	Sum of 2010	Sum of 2011	Sum of 2012	Sum of 2008	Sum of 2009	Sum of 2010	Sum of 2011	Sum of 2012
Badmintondeild	576	594	536	485	527	451	461	473	427	451
Blakdeild	11	8	6	7	16	34	29	25	30	82
Bogfimideild	1	1	2	1	3	0	0	1	0	0
Borðtennisdeild	113	23	23	58	106	24	4	7	25	43
Dansdeild	31	20	20	14	2	114	80	70	60	29
Fimleikadeild	561	520	519	694	977	1639	1481	1492	1684	1922
Frjálsíþróttadeild	255	311	299	307	368	296	361	340	326	363
Gímudeild	0	10	14	18	8	0	1	3	4	1
Golfdeild	132	264	261	231	209	33	53	44	38	19
Hafnaboltadeild	0	13	18	19	32	0	0	0	2	2
Handknattleiksdeild	1317	1266	1285	1327	1563	942	959	1011	1001	1219
Hnefaleikadeild	59	88	79	112	59	36	53	21	34	23
Íshokkideild	227	193	172	172	171	15	17	15	24	24
Íþróttir fatlaðra	3	6	18	30	12	1	5	9	21	15
Ju-jitsudeild	29	30	31	32	24	19	27	14	7	5
Júdódeild	174	174	179	119	120	43	45	46	43	17
Karatedeild	413	394	441	575	605	164	138	134	181	187
keiludeild	40	46	45	53	50	7	7	11	23	30
Klifurdeild	46	30	32	30	34	17	11	13	12	32
Knattspyrnudeild	3148	3206	3276	3290	3503	1322	1352	1446	1341	1567
Kraftlyftingadeild	0	0	1	1	0	0	0	0	0	0
Körfuknattleiksdeild	690	700	834	712	691	289	270	414	337	284
Listdansdeild	11	7	25	12	10	453	362	385	374	325
Skátadeild	197	213	214	433	219	163	215	225	440	225
Skíðadeild	85	72	74	57	88	85	83	86	66	79
Skylmingadeild	119	108	82	64	58	17	14	26	21	23
Sunddeild	314	310	328	316	256	377	393	398	411	334
Taekwondodeild	210	200	180	219	181	115	83	80	95	62
Tennisdeild	6	9	13	9	11	14	7	7	7	9
Grand Total	8768	8816	9007	9397	9903	6670	6511	6796	7034	7372

3. Þegar heildarupphæð styrkveitinga eru bornar saman við iðkendatölur fyrir aldurshópinn 6-18 ára kemur í ljós að ekki er munur á styrkveitingum eftir kyni (sjá töflu).

Þessar gögn eru einungis miðuð við árið 2011. Nauðsynlegt er að greina gögn yfir fleiri ár til að draga ályktanir um hvort um kyngreindan mun sé að ræða í styrkveitingum til íþrótt- og æskulýðsstarfs.

Álitaefni

Áhugavert að skoða gögn yfir lengra tímabil, það eru til samanburðarhæf gögn frá 2008. Með því væri hægt að greina brottfall úr greinum. Hugsanlega þyrfti að bæta aðstöðu þar sem mikið brottfall er.

Brottfall úr greinum



Jafnvel má draga þá ályktun að mikill fjöldi þátttakenda í boltaíþróttum stafi af betri aðstöðu en í mörgum öðrum greinum.

Hafa þarf í huga að styrkveitingar Reykjavíkurborgar eru hugsaðar fyrir alla almenna iðkendur í íþrótt- og æskulýðsfélögum en skráning í frístundakortið tekur einungis til aldurshópsins 6-18 ára.

Greiningin byggir á skráningu í frístundakortið sem endurspeglar ekki endilega alla þátttöku almennings (18+) í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Einnig þarf að skoða þátttöku barna og unglunga í öðru skipulögðu starfi svo sem í lista- og menningarstarfi sem einnig er styrkt af borginni.

Lagt er til að unnin verði greining á gögnum frá árinu 2008 til 2012.

Vangaveltur

- Breytingar á þátttöku í fimleikum, fækkun eftir 6-9 ára vekur upp spurningar hvort um sé að ræða brottfall eða skil í aðrar greinar. Skoða þarf lengra tímabil til samanburðar.
- Það er áberandi hvað strákar eru fjölmennir í knattspyrnu á aldursbilinu 6-9 ára en fækkar hratt þegar þeir eldast. Skoða þarf lengra tímabil til samanburðar.
- Það felast tækifæri í því að skoða hvort að hægt sé að jafna fjármagni á milli greina svo aðstöðuleysi hamli ekki þátttöku.
- Greina þyrfti skiptingu fjármagns innan félaga í innra starf og kostnað við mannvirki og bera saman við kyngreindar þáttökutölur
- Samkeyra þyrfti gögn úr Felixkerfi ÍSÍ og frístundakortsins til að meta þátttöku í skipulögðu íþróttastarfi.



Kynjuð starfs- og fjárhagsáætlun
Páttaka í íþróttagreinum og fjárfestingar